

**Ed.**

**1364. Nefndarálit**

[456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. verður best skoðað í samhengi við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands og frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Saman fela þessi frv. það í sér að verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins er skipt í þrjá staði og úr verða Byggðastofnun, Framkvæmdasjóður Íslands og svonefnt hlutafélag til að örva nýsköpun í atvinnulífi. Þar sem hér er um þrjár stofnanir að ræða í stað einnar fela þessi frv. í sér umtalsverða aukningu á því bákni sem þegar er fyrir hendi á þessu stjórnarsviði og virðast því til þess fallin að magna ágalla þess í stað þess að draga úr þeim.

Að auki má ljóst vera að ýmsir ágallar eru á þeim nýju stofnunum sem hér um ræðir. Þannig mun hin nýja Byggðastofnun hafa í för með sér aukna miðstýringu byggðamála og hið sama gildir um þau mál er heyra eiga undir hinn nýja Framkvæmdasjóð Íslands. Þeim skal nú stýrt af fulltrúum ráðherra og Seðlabanka. Þar sem stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins er þó kosin af Alþingi er hér einnig um aukna miðstýringu að ræða. Slíkri miðstýringu eru kvennalistakonur eindregið mótfallnar, enda segir í stefnuskrá Kvennalistans: „Við teljum nauðsynlegt að dregið verði stórlega úr miðstýringu íslensks samfélags. Síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur. ... Við viljum valddreifingu sem felur í sér að fjármála- og stjórnunarvald færist frá miðstýrðum ríkisstofnunum út til fólksins í landinu . . .“

Hvað varðar hið nýja hlutafélag sem ætlað er að örva nýsköpun í atvinnulífinu þá fylgir því engin stefnumótun í atvinnumálum sem væntanlega er þó undirstaða þess að hlutafélagið geti í raun stuðlað að nýsköpun og beitt sínu takmarkaða fjármagni í þá veru.

Þessi frv. eru því ekki líkleg til að bæta um betur í íslensku efnahagslífi og þar sem þessi mál þurfa bersýnilega nánari umfjöllunar við leggur undirrituð til að þessu frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. júní 1985.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.